

Ed. 245. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

2. málsli. 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 131/1984, orðist svo:

Frádráttur skal þó aldrei vera hærri en 44 540 kr. á ári hjá hverjum manni eða 89 080 kr. hjá hjónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1987 vegna tekna ársins 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 9 30. mars 1984 skulu fjárhæðir í 2. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að skattvísitala verði ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1987 er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 2. gr. laga nr. 9/1984 með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 31% milli árana 1985 og 1986. Er því samkvæmt frumvarpi þessu gerð sú tillaga að fjárhæðir í 2. gr. laga nr. 9/1984 hækki um 31% og er sú hækkun í samræmi við hækkun frádráttarliða frá tekjum sem gerð er tillaga um af sama tilefni í frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem nýlega var lagt fyrir Alþingi.